


Fundargerð


Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings

6. fundur Skólapjónustu- og velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni í Hveragerði þriðjudaginn 14. október kl 16.00. Mættir voru: Ásmundur Lárusson, Bjarney Vignisdóttir, Bryndís Böðvarsdóttir, Helena Helgadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Þórhallur Einisson og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

1. Trúnaðarmál. Eitt mál skráð í trúnaðarmálabók.
2. Forstöðumaður lagði fram tillögur að gjaldskrá og nýjum verkefnum fyrir árið 2015. Nefndin samþykkir gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2015. Nefndin tekur jákvætt í tillögur nýrra verkefna og er þeim vísað til frekari úrvinnslu fjárhagsáætlunar 2015.
3. Lagt fram til kynningar staða helstu málauflokka jan-sept 2014.


Fundi slitið kl 18.10


  
Bryndís Böðvarsdóttir (sign)

  
Bjarney Vignisdóttir (sign)

Björn Kristinn Pálmarsson (sign)

  
María Kristjánsdóttir (sign)

  
Helena Helgadóttir (sign)

  
Ásmundur Lárusson (sign)

  
Þórhallur Einisson (sign)

  
Björn Kristinn Pálmarsson (sign)

## Greinargerð Forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu vegna fjárhagsáætlunar 2015.

### ***Tillaga að Gjaldskrá og grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar***

Lagt er til að greiðslur hækki sem samsvarar neysluvísitölu árið 2015. Hækkunin hljóðar upp á 1,78% hækkun.

#### **Niðurgreiðslur gjalda vegna barna hjá dagforeldrum:**

Hjón/sambúðarfólk niðurgreiðslur frá 9 mánaða aldri og þar til barn fer á leikskóla (18 mán). Einstætt foreldri niðurgreiðslur frá 6 mánaða og þar til barn fer á leikskóla.

#### *Hjón og sambúðarfólk*

Niðurgreiðslan er kr. 3.617 pr mánaðarklukkustund, lagt til að fari upp í 3.682 pr. mánaðarklukkustund.

#### *Einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi,*

Niðurgreiðslan er kr. 4.165 pr. mánaðarklukkustund, lagt til að fari upp í kr. 4.240 pr. mánaðarklukkustund.

#### **Heimaþjónusta – þrif (á við í öllum sveitarfélögum nema Flóahreppi og Skeið- og Gnúpverjahreppi).**

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrirsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2014:

| Tekjumörk einstaklings á ári | Tekjumörk hjóna á ári     | Gjald á klst |
|------------------------------|---------------------------|--------------|
| Undir 2.279.000              | Undir 3.427.000           | 0            |
| Milli 2.279.001-3.419.000    | Milli 3.427.001-4.987.000 | 475 kr.      |
| Yfir 3.419.001               | Yfir 4.987.001            | 725 kr       |

*Lagt er til að lægra gjaldið fari úr 475 í 485 og hærra gjaldið fari úr 725 í 735.*

## Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur er úrræði sem er veitt skv. barnaverndarlögum og skv. lögum um málefni fatlaðs fólks.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna vegna barnaverndar pr. sólarhring er kr. 11.250. Lagt til að upphæðin hækki í 11.450.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna vegna fatlaðra barna skiptist í two flokka

1. flokkur kr. 11.800 pr. sólahring verði kr. 12.000
2. flokkur kr. 9.600 pr. sólarhing verði kr. 9.770

## Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára og eldri, sem rekur eigið heimili getur numið alla að 136.590 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 218.544 kr. á mánuði (136.590 kr. x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum/foreldri, öðrum ættingjum eða ættingjar búa á heimili umsækjanda og umsækjandi nýtur hagræðis af því, nemur upphæð fjárhagsaðstoðar 68.295 kr. á mánuði (68.295 : 2). Hafi einstaklingur sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 101.104. kr á mánuði.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum óskyldum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 101.104 (hálf grunnfjárhæð einstaklings að viðbættri heimilisuppbót frá TR kr. 32.809).

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta og húsaleigubóta en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

*Lagt er til að grunnfjárhæð til einstaklings fari úr kr. 136.590 í kr. 139.020  
Grunnfjárhæð til hjóna verði (139.020 x 1,6) kr. 222.432*

## Virkniúrræði á vegum sveitarfélaganna

Á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögnum eru oft einstaklingar sem eru vinnufærir en hafa litla reynslu af vinnu eða hafa verið í endurhæfingu og eru nú taldir vinnufærir en fá ekki starf við

